

A 1725/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**þingmannatillögu
um stafræna væðingu á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna að því að Norðurlönd verði leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets með góðu dreifikerfi á Norðurlöndum (a);

að þróa sameiginleg markmið um uppbyggingu innviða fyrir gagnaflutninga (b);

að tryggja að Norðurlöndin vinni saman að því að æ hraðari stafræn tæknivæðing samfélagsins taki mið af samfélagsörygginu (c);

að tryggja að Norðurlöndin taki höndum saman um að tryggja friðhelgi norrænna einstaklinga á tímum æ hraðari stafrænnar tæknivæðingar í samfélaginu, samsíða því að notendavæni verði í öndvegi (d);

að þróa samstarf netþjónustufyrirtækja og símafyrirtækja sem rekin eru af hinu opinbera og einkaaðilum, bæði landsbundin fyrirtæki og þau sem starfa yfir landamæri, til að tryggja öllum aðgang að Interneti óháð búsetu (e);

að eiga samstarf um að fjármagna skjóta uppbyggingu gagnaflutninga í strjálbýli á Norðurlöndum (f);

að vinna að því að velferðartækni sem byggir á 5G farsímaneti fylgi sama staðli á öllum Norðurlöndunum (g);

að Norrænu velferðarmiðstöðinni verði falið að fylgjast með framgangi verksins við þróun norræns staðals á sviði velferðartækni sem byggir á 5G farsímaneti (h);

að fela Norræna rannsóknaráðinu að eiga frumkvæði að föstu samstarfi um stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna. Verkefnið felst meðal



annars í því að skapa funda- og samskiptavettvang fyrir æðri mennta- stofnanir og EdTech-iðnaðinn sem er í vexti á Norðurlöndum (i);

að gera úttekt á árangri af því starfi að stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna sem fram fór á formennskuári Finnlands 2016 (j).

Bakgrunnur

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin, norræna þekkingar- og menningarnefndin og norræna velferðarnefndin fjölluðu á sumarfundum sínum 2017 um þingmanna- tillögurnar þrjár sem varða stafræna tækniþróun, en þær eru:

A 1725/tillvæxt Þingmannatillaga um skilvirka gagnaflutninga fyrir alla íbúa Norðurlanda (flokkahópur miðjumanna)

A 1713/vælfærd Þingmannatillaga um Norðurlönd – leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets, með áherslu á velferðartækni (flokkahópur jafnaðarmanna)

A 1717/kultur Þingmannatillaga um norræna samvinnu um stafvæðingu á sviði æðri menntunar og rannsókna (flokkahópur hægrimanna)

Nefndirnar ákváðu hver fyrir sitt leyti að fela skýrslugjöfum á sviði stafrænnar væðingar að semja með aðstoð skrifstofunnar sameiginlega álitserð um innihald allra þriggja þingmannatillagna. Þar eð þingmannatillaga A 1725/tillvæxt þótti mest almenns eðlis og ástæða þótti til að taka tillit til verkaskiptingar innan Norrænu ráðherranefndarinnar (sérstakrar ráðherranefndar um stafræna tækniþróun) var ákveðið að norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin bæri formlega ábyrgð á álitserðinni þrátt fyrir að allar þrjár nefndir hafi komið að gerð hennar.

Þess ber að geta að Norðurlandaráð var búið að fjallar um tvær þingmannatillögur, aðra um rafræn skilríki en hina um að loka fyrir aðgang erlendis frá að höfundarréttarvörðu (geoblocking). Báðar tillögur eru komnar það langt í ferlinu að ákveðið var að afgreiða þær hvora um sig.

Nefndirnar eru sammála um að skoða beri umræddar þingmannatillögur í ljósi yfirlýsingar Norrænu ráðherranefndarinnar þess efnis að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eigi að vera leiðandi afl á sviði stafrænnar tækni. Ráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem fara með málefni stafrænnar tækni undirrituðu yfirlýsinguna í apríl 2017. Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að skipa sérstaka ráðherranefnd, MR-DIGITAL, og á hún að starfa á tímabilinu 2017–2020. Ráðherranefndin á að leiða og samhæfa aðgerðir á sviði stafrænnar tækniþróunar.



Sjónarmið nefndanna

Hagvöxtur

Stafræn þjónusta og stafrænar vörur þróast gífurlega hratt. Yfirvöld eru sífellt að þróa nýjar þjónustuleiðir fyrir almenning. Æ oftast er gert ráð fyrir því að einstaklingar leggi inn umsóknir, skattskýrslur og fyrirspurnir rafrænt gegnum netið. Önnur svið samfélagsins, umönnun sjúklinga og aldraðra, menntun og atvinnulíf nýta sér einnig stafræna tækni til að bjóða almenningi upp á meiri þekkingu og þjónustu.

Eigi almenningur að geta nýtt sér stafræna tækniþróun þarf virkt háhraðanet fyrir gagnaflutninga að vera til staðar. Víða er þó pottur brotinn í uppbyggingu á virku gagnaflutninganeti fyrir alla íbúa á Norðurlöndum, einkum í dreifbýli. Uppbygging góðrar nettengingar á landsbyggðinni er forsenda atvinnu, öryggis og lífsgæða. Kostnaður við uppbyggingu netsins er þó meiri á dreifbýlum svæðum en í þéttbýli. Ekki má þvinga þessi útgjöld upp á íbúana.

Á sama hátt og við á Norðurlöndum vinnum að sameiginlegu dreifikerfi raforku, ber Norrænu ráðherranefndinni að beita sér fyrir þróun sameiginlegra markmiða um uppbyggingu stafrænna innviða; að þróa samstarf netfyrirtækja hins opinbera og á almennum markaði og þjónustuaðila til að veita aðgang að Internetinu óháð búsetu og jafnframt að vinna að því í sameiningu að finna fjármagn til að hraða uppbyggingu gagnaflutningskerfa á dreifbýlum svæðum á Norðurlöndum.

Mikilvægt er að huga bæði að tækifærum og áhættu við uppbyggingu gagnaflutninganets. Æ meira magn upplýsinga berst um hin ýmsu stafrænu kerfi. Við erum illa varin og hætta á netárásum vex. Mikilvægt er að stafræn tækniþróun á Norðurlöndum taki tillit til samfélagsöryggis og persónuverndar.

Velferð

Fimmta kynslóðin af þráðlausri nettækni, 5G, býður upp á enn hraðari, skilvirkari og traustari stafrænni tækni en áður. Hún kemur að notum á vinnumarkaði, í umhverfismálum, samgöngum o.fl. en hún mun einnig hafa mikil áhrif í heilbrigðisþjónustu. Vegnar velferðartækni og rafrænnar heilbrigðisþjónustu er hægt að fylgjast með sjúklingnum/notandanum hvar sem er og hvenær sem er. Þráðlaus og örugg samskipti með mikilli bandbreidd geta veitt sjúklingnum öryggi þar sem hægt er að fylgjast með honum sama hvar hann er staddur. Ný tækifæri munu skapast til að veita klínískan stuðning úr fjarlægð og hreyfanlegt starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar getur nálgast allt sem það þarf til að sinna sjúklingnum/notandanum. 5G farsímanets-tæknina er hægt að nota í dreifbýli og hún getur dregið úr umönnunarkostnaði án þess að það bitni á gæðunum.

Norræna ráðherranefndin ætti að vinna að því að Norðurlönd verði leiðandi á heimsvísu á sviði 5G-tækni og að þróaðir verði sameiginlegir staðlar á sviði velferðartækni. Fela ætti Norrænu velferðarmiðstöðinni að fylgjast með þróun norræns staðals á sviði velferðartækni sem byggi á 5G-tækninni.



Mikilvægt er að tryggja öryggi sjúklinga og neytenda við uppbyggingu á hinni nýju þráðlausu tækni. Sívaxandi magn gagna um einstaklingana verður söluvara og ef farið er með þau af gáleysi getur það orðið afdrifaríkt fyrir einstaklinginn og skapað hættu á eftirlitssamfélagi.

Mikilvægt er að aukin stafræn tækniþróun sé notendavæn og að almenningur sé í öndvegi. Ekki eru allir borgarar í stakk búnir til að kljást við hin ýmsu stafrænu kerfi og ekki er hægt að þröngva stafrænni tækni í gegn án þess að bjóða upp á meiri þjónustu ef með þarf. Ýmiss konar góð þjónusta á að vera í boði.

Menntun og rannsóknir

Þrátt fyrir að Norðurlönd séu framarlega í uppbyggingu rafrænnar þjónustu, þá eru norrænir háskólar ekki komnir jafn langt í að bjóða upp á námsleiðir á netinu, veita rafrænan aðgang að rannsóknaniðurstöðum og taka þátt í stafrænu rannsóknar-samstarfi. Eigi norrænir háskólar að spjara sig í alþjóðlegri samkeppni verða þeir að setja stafræna tækniþróun í forgang.

Fela ætti Norræna rannsóknaráðinu að koma á föstu samstarfi um stafræna tækniþróun á sviði æðri menntunar. Norræna rannsóknaráðið starfrækir í dag verkefni um stafræna tækni, til að mynda gegnum Nordic eScience Globalisation Initiative (NeGI), en ráðið skortir innviði sem henta föstu samstarfi um málefni stafrænnar tæknivæðingar. Verkefnið ætti einnig að felast í að skapa vettvang fyrir fundi og gagnvirk samskipti á sviði æðri menntunar og fyrir hinn ört vaxandi menntunartækniiðnað á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin ætti að meta árangur starfs sem unnið var á sviði stafrænnar tækniþróunar í æðri menntun og rannsóknum á formennskuári Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni 2016 .

Niðurstaðan er sú að nefndirnar líta jákvæðum augum á yfirlýsingu Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin eigi að vera leiðandi afl á sviði stafrænnar tækni og jafnframt á ákvörðunina um að skipa sérstaka ráðherra-nefnd, MR-DIGITAL, um stafræna tækniþróun. Það er mat nefndanna að tillögu-liðirnir tíu í hinum þremur þingmannatillögum tiltaki og styðji yfirlýsingu ráðherra-nefndarinnar um stafræna tækniþróun. Auk þess er það von nefndanna og trú að góðar stafrænar lausnir á Norðurlöndum geti orðið til þess að áhrif landanna á þróunina aukist innan ESB og um allan heim.

Reykjavík, miðvikudagur, 20. september 2017

Arto Pirttilahti (cent)

Gunvor Eldegaard (A)

Håkan Svenneling (V)

Hanna Halmeenpää (gröna)

Heidi Nordby Lunde (H)

Henrik Brodersen (DF)

Juhana Vartiainen (saml)

Magni Arge (T)

Mikael Staffas (Lib)

Odd Omland (A)

Orla Hav (S)

Oskar J. Grimstad (FrP)

Pyy Niemi (S)